
Aukin framleiðsla á regnbogasilungi eða laxi um 2.000 tonn í Dýrafirði

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun á fiskeldi Dýrfisks ehf. í Dýrafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 401/2012 um fiskeldi. Einnig eru þær háðar starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun er kunnugt að Íslenska kalkþörungafélagið ehf. hefur leyfi Orkustofnunar til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti í Dýrafirði. Því telur stofnunin að hafa þurfi samráð við Orkustofnun um niðurstöður rannsókna með hliðsjón af staðsetningu sjókvía áður en leyfi verður veitt fyrir frekara eldi Dýrfisks.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Dýrfiskur hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. ágúst 2015.

INNGANGUR

Þann 14. apríl 2009 tilkynnti Dýrfiskur ehf. til Skipulagsstofnunar fyrirhugað eldi á 2.000 tonnum af regnbogasilungi og/ eða laxi í sjókvíum við Haukadalsbót í Dýrafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 1 g í 2. viðauka laganna, sem þá giltu. Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Siglingastofnunar, og Umhverfisstofnunar. Þá leitaði stofnun einnig álits Veiðimálastofnunar. Þann 3. júní 2009 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Landssamband veiðifélaga kærði ákvörðun Skipulagsstofnunar 3. júlí 2009, en umhverfisráðuneytið staðfesti ákvörðun stofnunarinnar þann 16. nóvember 2009.

Þann 7. janúar 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Dýrfiski hf. um fyrirhugaða aukna framleiðslu á regnbogasilungi eða laxi í Dýrafirði úr 2.000 tonnum í 4.000 tonn samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 13 a í 2. viðauka laganna (liður 13.02 í 1. viðauka núgildandi laga). Jafnframt var tilkynnt að eldissvæðum yrði fjölgað í þrjú; þ.e. eldissvæði yrðu við Gemlufall og Mýrarfell til viðbótar þess við Haukadalsbót.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með tölvupóstum dags. 29. janúar og 6. mars 2013, Fiskistofu með bréfum dags. 14. og 18. janúar 2013, Hafrannsóknastofnun með bréfum dags. 1. og 26. febrúar 2013, Matvælastofnun með bréfi dags. 21. janúar 2013, Minjastofnun Íslands með bréfum dags. 23. og 25. janúar 2013, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 22. janúar 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. febrúar 2013.

Frekari upplýsingar bárust frá Dýrfiski hf. með bréfum dags. 16., 22. og 24. janúar og 12. febrúar 2013.

Þann 28. mars 2013 tilkynnti Dýrfiskur að félagið hafi óskað eftir að Hafrannsóknastofnun gerði frekari rannsóknir á straumum og burðarþoli Dýrafjarðar. Skipulagsstofnun tilkynnti umsagnaraðilum þann 6. maí 2013 að ákvörðun stofnunarinnar yrði tekin í kjölfar þess að uppfærð greinargerð Dýrfisks bærst og viðeigandi aðilar hefðu gefið umsögn þar um.

Þann 8. apríl 2015 barst Skipulagsstofnun greinargerð Dýrfisks þar sem fram kom að þó enn væri gert ráð fyrir þremur eldissvæðum væri nú gert ráð fyrir eldissvæði við Eyrarhlíð í stað þess við Mýrarfell, sem áður hafði verið tilkynnt. Einnig var greint frá niðurstöðum um burðarþolsmat Dýrafjarðar og rannsókna á botndýrum á nýju eldissvæði, Eyrarhlíð, utarlega í sunnanverðum Dýrafirði. Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu (áður Siglingastofnun Íslands) og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með tölvupósti dags. 22. júní 2015, Ferðamálastofu með bréfi dags. 7. júlí 2015, Fiskistofu með bréfi dags. 25. maí 2015, Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 11. maí 2015, Matvælastofnun með bréfi dags. 15. júní 2015, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 2. júlí 2015, Samgöngustofu með bréfi dags. 26. júní og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. maí 2015.

Athugasemd barst frá Landssamband veiðifélaga þann 21. júní 2015.

Frekari upplýsingar bárust frá Dýrfiski hf. með bréfum dags. 21. maí og 26. júní 2015 og með tölvupósti 23. júní 2015.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að Dýrfiskur hf. hafi rekstrarleyfi til framleiðslu á allt að 2.000 tonnum af regnbogasilungi eða laxi árlega á tveimur svæðum í Dýrafirði; við Haukadalsbót og Gemlufall. Síðar verði þriðja eldissvæðinu bætt við, sem staðsett verði í Eyrarvík utarlega í sunnanverðum firðinum. Fyrirtækið hyggist auka framleiðsluna í 4.000 tonn á ári og leggi áherslu á eldi regnbogasilungs, sem byggji á innfluttum hrognum frá Danmörku. Mögulegt sé að síðar verði farið í eldi á laxi og þá verði notast við laxastofn frá Stofnfiski hf., sem sé af norskum uppruna. Hrogn regnbogasilungs verði flutt í seiðastöð félagsins á Tálknafirði og alin þar til þau verði sett í sjókvíar að vori, að meðaltali 250 g stór. Að loknu 18 til 24 mánaða eldi verði meðalþyngd þeirra við slátrun 2,7-4,2 kg.

Fram kemur að seiði verði alin í seiðastöð félagsins í Tálknafirði áður en þau verði sjósett. Á hverju eldissvæði verði einn árgangur alinn í tvö og hálf ár og það hvílt í um 12 mánuði að slátrun lokinni. Sjávardýpi á eldissvæðum verði 20 til 35 m og fjarlægð frá landi minnst 150 m. Hver eldiskví verði 50 m í þvermál, 160 m að ummáli og nót hennar nái niður á 15 m dýpi, alls um 30.000 m³. Í hverri kvíabyrpingu verða 10 eldiskvíar sem festar verði með kerfisfestingum á 30-40 metra dýpi. Sjókvíar verði í 80 m x 80 m rammafestingum og minnst 30 metrar verði á milli eldiskvía.

Eldissvæðið Haukadalsbót afmarkast af hnitunum:

65 57 79-23 37 83
65 52 97-23 33 65
65 52 65-23 34 02
65 53 46-23 37 84

Eldissvæðið Gemlufall afmarkast af hnitunum:

65 53 34-23 29 66
65 53 57-23 29 21
65 53 12-20 28 05
65 52 98-23 28 49

Fyrirhuguð eldissvæði við Eyrarhlíð mun afmarkast af hnitunum:

65 55 01-23 39 90
65 54 56-23 40 36
65 55 23-23 44 73
65 55 63-23 44 07

Fram kemur að gert sé ráð fyrir því að á árinu 2015 verði um 800 þúsund seiði sett í sjókvíar og allt að tveimur milljónum 2016. Framleiðslan verði komin nálægt 4.000 tonnum á árinu 2017. Byrjað verði að slátra úr þeim árgangi haustið 2014 og fram yfir áramót 2015. Áformað sé að í lok árs 2016 verði heildarframleiðsla á eldissvæðunum þremur komin í 4.000 tonn af regnbogasilungi eða laxi. Í fullri starfsemi verði 1-1,5 milljónum fiska slátrað á hverju ári sem jafngildi því að 1,3-2,0 milljón seiði verði sett í

sjókvíar hvert ár, miðað við áætluð 25% afföll á eldistíma. Miðað sé við að þéttleiki í eldi verði að hámarki 10 kg á hvern rúmmetra eldisrýmis sem jafngildi því að rétt fyrir slátrun, þegar lífmassi í hverri kvíabýrpingu verði mestur um 3.000 tonn, verði rúmmál hverrar kvíabýrpingar um 300.000 rúmmetrar.

Fram kemur að vegna 4.000 tonna framleiðslu í hverri tveggja ára eldislotu, þurfi rúmlega 4.500 tonn af fódri miðað við fódurstuðul 1,15. Vegna fóðrunarinnar falli rúmlega 400 tonn af föstum lífrænum úrgangi til botns á tveimur árum, þar af 360 tonn sem kolefni (C), 36 tonn sem köfnunarefni (N) og 20 tonn sem fosfór (P). Í samræmi við reynslu í eldi Dýrfisks sé gert ráð fyrir að afföll verði um 15% af fjölda og um 5% af lífmassa eldisfisks, sem jafngildi tæplega 200 tonnum á ári í fyrirhuguðu eldi. Fiskur sem drepist verði meðhöndlaður í samræmi við reglugerð um fiskeldi og hann fjarlægður úr botni eldiskvía með dauðfiskaháfi. Dauður fiskur verði settur í meltutanka um borð í þjónustubátum og meltan nýtt í dýrafóður eða til jarðvegsgerðar, en að öðrum kosti fjarlægð af viðurkenndum aðilum. Fiskur sem drepist vegna sjúkdóma verði meðhöndlaður samkvæmt fyrirmælum Matvælastofnunnar.

Burðargeta Dýrafjarðar. Fram kemur að sjór í Dýrafirði sé oftast vel uppblandaður, jafnvel yfir sumartímam þegar líklegast sé að lagskipting sjávar sé til staðar. Eiginlegt botnlag sjávar sé því ekki til staðar. Súrefnisinnihald sé að jafnaði hátt, líka á haustmánuðum. Endurnýjunartími sjávar í Dýrafirði sé einungis um ein vika.

Fram kemur að niðurstöður líkanareikninga sýni að Dýrafjörður sé lítt viðkvæmur fyrir lífrænu álagi hvað varðar súrefnisbúskap hans. Með tilliti til stærðar fjarðarins og varúðarnálgunar varðandi raunveruleg áhrif eldisins á einkum botndýralíf, telji Hafrannsóknastofnun að hægt verði að leyfa allt að 10.000 tonna eldi í Dýrafirði á ári. Gert sé þó ráð fyrir að heildarlífmassi á hverjum tíma verði aldrei meiri en 10.000 tonn og vöktun á áhrifum eldisins fari fram.

Áhrif á villta fiskistofna og laxveiðihlunnindi. Fram kemur að efni eða lyf verði ekki notuð við eldið. Engar laxveiðiar séu í Dýrafirði og næstu náttúrulegu laxveiðiar séu í Dölunum og Borgarfirði og innarlega í Ísafjarðardjúpi. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slyssleppingar verði ýrústu stöðlum framfylgt varðandi búnað og frágang á eldisbúnaði, t.d. norska staðlinum NS9415. Staðlar geri einnig ráð fyrir að eldiskvíar séu sérstaklega styrktar til að þola mikla ölduhæð og ísingu. Þá sé marglytta ekki líkleg til að valda vandamálum í Dýrafirði, ekki heldur ofgnótt síldar og lítill hætta sé á því að selir eða önnur sjávarspendýr valdi tjóni á búnaðnum. Til að verjast þörungablóma og draga úr hættu af þeim völdum verði eldisfiskur hafður í litlum þéttleika. Fram kemur að kafari muni yfirfara netpoka á minnst tveggja mánaða fresti og oftast ef þurfa þyki t.d. eftir brætur og ef vart verði við seli á svæðinu. Ef vart verði við stök á fiski verði kafari samstundis kallaður út til að skoða netpoka og gera við göt á þeim, lögð verði út net til að fanga stökufisk, haft verði samband við alla sjómenn á svæðinu og þeir hvattir til að leggja út net og þeim útveguð net með réttri möskvastærð ef um verulegt magn af stökufiski verði að ræða. Fram kemur að hætta á kynblöndun milli eldislax og náttúrulegra laxa sé háð umfangi viðkomandi laxeldis og rannsóknir sýni að eldi undir 30.000 tonnum hafi óveruleg áhrif á villta stofna. Eingöngu verði notaðar hrygnur til eldis á regnbogasilungi. Við náttúrulegar aðstæður hrygni regnbogasilungur á vorin og hrogn klekist út á haustin en seiði lifi ekki af veturinn. Í tilfalli regnbogasilungs hafi slyssleppingar því ekki í för með sér hættu á kynblöndun við villta stofna eða áhrif á aðra villta fiskistofna. Þá kemur

fram að það skipti sköpum fyrir framgang eldisins að fisksjúkdómar verði í lágmarki og ávallt verði leitað eftir góðu samstarfi við dýralækna fisksjúkdóma en einnig skipti máli að í eldinu verði þéttleiki fisks undir 10 kg/m^3 , sem sé a.m.k. þrefalt lægri þéttleiki en í hefðbundinni framleiðslu. Auk þess verði eldissvæði hvíld milli kynslóða, seiði bólusett ef nauðsyn krefji og verkferlar starfseminnar með þeim hætti að smithætta verði í lágmarki.

Áhrif á lífríki sjávar. Fram kemur að fyrirhuguð eldissvæði séu ekki nálægt verndarsvæðum. Þá verði eldisnætur í kvíum ekki meðhöndlaðar með efnum sem ætlað sé að hamla vexti lífvera. Fram kemur að botndýrategundir á eldissvæðum séu algengar annars staðar í Dýrafirði og við Vestfirði og fjölbreytileiki lífríkisins við Haukadalsbót áþekkur og annars staðar við Vestfirði. Engin ummerki hafi fundist um uppsöfnun lífrænna leifa í Haukadalsbót, þar sem Dýrfiskur hf. hafi stundað eldi fram að þessu. Rúmlega 400 tonn af lífrænum úrgangi muni falla til botns vegna fyrirhugaðs eldis. Sauragnir frá eldisfiski muni dreifast og þynnast á 100-200 m kafla í straumstefnu út frá kvíum og áhrifasvæði þess á botni verði um $0,2 \text{ km}^2$. Áhrif af eldinu verði ekki umtalsverð og helst bundin við hafsbötn á um $0,1 \text{ km}^2$ svæði undir eldiskvíum og 20-40 m í straumstefnu út frá kvíum. Þau verði hins vegar afturkræf þegar svæði fái hvíld milli eldislota. Fylgst verði með lífríki á hafsbötni á eldissvæðum og kvíabyrpingar færðar til ef tilefni sé til. Sammögnun áhrifa eldisins með öðru eldi í Dýrafirði verði óveruleg, en helst verði sammögnun með fráveitu frá Þingeyri, með um 260 íbúa. Ekkert bendi til þess að starfsemin muni hafa áhrif á nytjastofna á svæðinu eða lífríki við nærliggjandi fjörur.

Áhrif á landnotkun og sjávarnytjar. Fram kemur að fyrirhuguð eldissvæði séu ekki á þekktum veiðislóðum í Dýrafirði og séu utan helstu siglingleiða um fjörðinn. Sjónræn áhrif af eldinu verði nokkur þar sem hver kvíabyrping þeki svæði sem samsvari 450 m x 150 m. Sjókvíar séu þó lágreistar og ekki áberandi í umhverfinu. Einungis Dýrfiskur hafi leyfi til fiskeldis í Dýrafirði.

Áhrif á minjar. Fram kemur að ekki sé vitað til að forneifar séu á hafsbötni á fyrirhuguðum eldisstaðsvæðum. Ekki sé vitað um sérstök vistkerfi í Dýrafirði sem njóti verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Samlegð með öðru eldi. Fram kemur að Dýrfiskur er eini aðilinn sem starfrækir fiskeldi í Dýrafirði.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að sjókvíaeldið verði utan netlaga og falli ekki undir skipulagsvald sveitarfélaga. Verði fóðurstöðvar reistar í landi þurfi að deiliskipuleggja þau mannvirki.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Ekki kemur fram afstaða til matsskyldu í umsögnum Ferðamálastofu og Fiskistofu. Fram kemur í umsögn Ísafjarðarbæjar það álit að fyrirhuguð framkvæmd eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum. Í athugasemd Landssambands veiðifélaga kemur fram sú krafa að framkvæmdin eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Ferðamálastofa gerir ekki sérstakar athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd, en bendir á að æskilegt væri að starsemin taki tillit til mögulegrar framtíðaruppbyggingar í ferðaþjónustu á svæðinu, einkum sjótengda.

Áhrif á villta fiskistofna og laxveiðihlunnindi. Matvælastofnun telur að eldi af þeirri stærðargráðu sem fyrirhugað sé muni ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang villtra fiskistofna í vistkerfi Dýrafjarðar og nágrenni hans.

Fiskistofa telur að ef eldislax sleppi úr kvíum og gangi upp í ár geti hann mögulega blandast villtum laxastofnum og sett varanleg spor á laxastofna við Ísland. Ef regnbogasilungur sleppi og gangi í veiðiár geti hann valdið álitshnekki fyrir viðkomandi veiðiá, en þar sem hann fjölgi sér ekki við íslenskar aðstæður verði langtímaáhrif líklega ekki mikil. Fyrirhuguð stækkun eldisins muni ekki auka til muna hættu á slysasleppingum eða vandamálum vegna sjúkdóma og sníkjudýra. Fiskistofa telur að smitsjúkdómar og sníkjudýr, svo sem laxalús, geti borist frá eldinu og smitað villta laxfiska. Með því að hvíla eldissvæði milli eldislota, eins og Dýrfiskur boði, minnki líkur á vandamálum sem tengist laxalús. Afar mikilvægt sé að Dýrfiskur hafi öflugt eftirlit með þéttleika og viðgangi laxalúsar í eldinu.

Umhverfisstofnun telur að þó Dýrafjörður sé á svæði þar sem mögulegt sé að fá leyfi til eldis laxfiska í sjó¹ sé óvissa um áhrif fyrirhugaðs eldis á villtan lax. Aukin framleiðsla á laxi muni auka hættu á erfðablöndun.

Landsamband Veiðifélaga telur að meta þurfi áhrif eldisins á þau miklu verðmæti sem felist í villtum laxa- og silungastofnum á Íslandi. Regnbogasilungur sé aðskotadýr í náttúrunni sem ekkert erindi eigi í íslenska náttúru og bent er á að undanfarið ár hafi regnbogasilungur með útlitseinkenni eldisfisks veiðst í ám, þrátt fyrir að ekki hafi verið tilkynnt um að slíkur fiskur hafi sloppið úr eldi. Eðlilegt sé að metið verði tjón sem ímynd veiðiáa verði fyrir vegna slíkra veiða og hætta á sjúkdómum. Einnig telur Landsambandið að meta eigi áhrif fyrirhugaðs eldis Dýrfisks á frjóum norskum löxum, en rannsóknir hafi leitt í ljós að norskur lax sé mjög fjarskyldur íslenskum laxastofnum. Blöndun slíkra stofna geti haft ófyrirséðar afleiðingar á þróun villtra laxastofna á Íslandi. Reifað er að nýlega hafi rúmlega 200 laxar veiðst í kjölfar slysasleppingar úr eldi Fjarðalax í Patreksfirði. Vitnað er í frétt Veiðimálastofnunar af því tilefni þar sem m.a. komi fram að stór hluti unglax sleppi úr sjókví í Noregi gangi upp í ár, jafnvel í mikilli fjarlægð frá eldisstöð. Samkvæmt því gefi fjarlægð eldisstöðvar frá laxveiðiám takmarkaða vernd fyrir hættu á erfðamengun frá eldi. Ef Dýrfiskur kjósi að ala lax megi vera ljóst að miklar líkur séu á að starfsemin hefði óafturkræf áhrif á íslenska laxastofna og gæti ógnað tilvist þeirra, sem margir hverjir telja aðeins tugi eða nokkur hundruð fiska. Það sé því fortakslaus krafa Landsambandsins að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Dýrfiskur bendir á að eldissvæðin í Dýrafirði séu í tæplega 100 km fjarlægð frá ám með villta laxastofna, þ.e. í Ísafjarðardjúpi. Samkvæmt rannsóknnum skipti fjarlægð milli eldissvæða og laxáa miklu máli um hvort strokulax leiti upp í ár og líkur þess að hann leiti í ár minnki því meiri sem fjarlægðin sé. Þetta sé ein lykilforsenda þess að til greina komi að heimila eldi á laxfiskum á þeim svæðum við landið sem tilgreind séu í auglýsingu frá landbúnaðarráðherra (nr 460/ 2004), þar með taldir Vestfirðir. Miklar framfarir hafa orðið í búnaði og vinnsluaðferðum, sem dregið hafi úr því að eldisfiskur sleppi úr

¹ Auglýsing nr. 460/2004 um friðunarsvæði þar sem eldi laxfiska (*Salmo salar*) af eldisstofni í sjókvíum er óheimilt

sjókvíum. Unnið sé eftir norskum staðli (NS 9415) varðandi búnað, sem taki mið af aðstæðum á sjókvíaeldisstað, og verklag við viðhald og eftirlit. Með tilkomu staðalsins hafi dregið úr slysasleppingum í Noregi og opinber gögn gefi til kynna að um 0,21 stk. laxa strjúki úr eldi fyrir hvert framleitt tonn, sem sé um fimmfalt minna en áður hafi verið. Unnið sé að því að bæta árangurinn enn frekar og muni Dýrfiskur fylgjast með þróun búnaðar og eldisaðferða. Þá er bent á að á undanförunum árum sé fjöldi strokulaxa af heildarlaxagöngu í ám í Noregi jafnan ekki yfir 5% og afar erfiðlega hafi gengið að staðfesta breytingu á erfðamengi hjá villta laxinum þrátt fyrir að eldislax hafi hrygnt í fjölmörgum norskum ám og að um árabíl hafa verið sett yfir 200 milljón laxaseiði í eldiskvíar við Noreg. Það sé því langsótt að telja að Íslenska laxastofninum sé ógnað þó 10-20 milljón laxaseiði (framleitt 50-100 þús. tonn) verði sett í eldiskvíar við Ísland. Fram kemur að regnbogasilungur sem sleppi, haldi sig í grennd við eldisstað, sem geri það að verkum að netaveiðar endurheimti hátt hlutfall af sleppisilungi. Regnbogasilungur sé búið að rækta í margar kynslóðir síðan hann var fluttur til Evrópu frá Ameríku og hann hafi ekki lengur hæfileikann til að lifa af í villtri náttúru. Þá vísar Dýrfiskur til umsagnar Veiðimálastofnunar, frá 2009, varðandi eldi á regnbogasilungi í Dýrafirði þar sem segi m.a.: „Regnbogasilungur er ekki náttúrulegur á Íslandi. Hann hefur verið í eldi hér sem og víða um lönd í áratugi en er upprunninn frá Vesturströnd N-Ameríku og hrygnir að vori.

Regnbogasilungur hefur ekki náð að fjölga sér á Íslandi. Regnbogasilungur veldur því ekki erfðablöndunarhættu, né hefur varanleg áhrif á íslenskar ár og vötn.“ Loks kemur fram að Dýrfiskur áformi nú að stækka eldið í fjögur þúsund tonn, sem sé langt undir áætlaðu burðarþoli fjarðarins og því verði ekki séð að framkvæmdin ætti að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Burðarþol Dýrafjarðar. Hafrannsóknastofnun bendir á að vatnsskipti í Dýrafirði séu mjög ör og sjór þar vel uppblandaður. Fjörðurinn sé því lítt viðkvæmur fyrir lífrænu álagi hvað varðaði súrefnisbúskap og óhætt sé að leyfa allt að 10.000 tonna fiskeldi í Dýrafirði. Þó sé mikilvægt að vel útfærð vöktun verði viðhöfð á umhverfisþáttum og áhrifum eldisins á botn og botndýralíf. Æskilegt væri að þau gögn verði gerð aðgengileg Hafrannsóknastofnun svo nýta megi þau til að endurmeta burðarþol fjarðarins eftir því sem eldinu vaxi ásmegin.

Umhverfisstofnun telur ólíklegt að fyrirhugað eldi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, í ljósi niðurstöðu um mat á burðarþoli Dýrafjarðar og ef heildarlífsmassi í fiskeldi verði aldrei meiri en 10.000 tonn. Niðurstöður vöktunar þurfi að nýta til að sannreyna burðarþolsmatið.

Áhrif á lífríki sjávar. Hafrannsóknastofnunin gerir athugasemdir við aðferðafræði við rannsóknir á botndýralífi í Dýrafirði, m.a. hafi ekki verið tekin sýni til samanburðar utan við áætlað áhrifasvæði fiskeldisins. Brýnt sé að samfara eldinu verði umhverfisþættir við eldið vaktaðir og áhrif þess á botn og botndýralíf metin. Æskilegt sé að þau gögn verði gerð aðgengileg stofnuninni svo nýta megi þau við endurmat á burðarþoli fjarðarins eftir því sem eldinu vaxi ásmegin.

Dýrfiskur bendir á að gerðar hafi verið rannsóknir á botndýrum innarlega í firðinum en einnig utar í firðinum á þeim svæðum sem fyrirhugað eldi verði og samanburðarsýni tekin í miðjum firðinum. Gott samræmi sé milli rannsókna varðandi aðferðir við greiningu dýra en kornastærðargreining hafi ekki verið gerð þar sem í flestum tilfellum hafi verið um að

ræða fína leðju, sem bendir til þess að botn þar sé fínkorna leðja. Dýrfiskur telji að botndýrarannsóknir séu fullnægjandi til að meta áhrif eldisins.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé útilokað að á botni Dýrafjarðar séu kalkpörungar, sem hafi mikið verndargildi. Þar til að rannsóknir liggi fyrir um hvort kalkpörungalög sé þar að finna þurfi sjókvíar að vera staðsettar dýpra en þekkt sé að kalkpörungar lifi, þ.e. að lágmarki á 30 m dýpi. Áður en frekari stækkun eldisins verði sé brýnt að afla gagna um tilvist kalkpörunga í firðinum og meta möguleg áhrif fiskeldisins á þá. Einnig sé ljóst að þörungablómi hafi valdið vandræðum í eldi Dýrfisks og telur stofnunin að fjalla hefði átt um mögulegar orsakir þörungablóma sem upp hafi komið í firðinum. Einnig hvort hrygningar- eða uppeldisstöðvar fiska séu þar sem eldi sé fyrirhugað. Umhverfisstofnun telur að þær varnir og vöktun sem tilgreind verði í starfsleyfi dugi til að vinna gegn skaðlegum áhrifum á annað lífríki fjarðarins.

Í svari Dýrfisks kemur fram að umfangsmiklar rannsóknir hafi verið gerðar á botndýralífi í Dýrafirði og kalkpörungar ekki komið fram í sýnum. Heimamenn þekki vel til aðstæðna í firðinum og samkvæmt munnlegum upplýsingum þeirra muni eldið ekki verða starfrækt á hrygningar- eða uppeldisstöðvum fiska. Vegna hættu á blóma eiturbörunga fylgist Dýrfiskur með niðurstöðum vöktunar á slíkum þörungum í Breiðafirði og ef þeir komi fram þar geri viðbragðsáætlun fyrirtækisins ráð fyrir að allri fóðrun verði hætt. Lítil þéttleiki og gott dýpi í kvíum skapi eldisfiski færi á að bregðast við slíkum aðstæðum og því telji Dýrfiskur að fyrirhugað aukið eldi leiði ekki til aukinna vandamála af völdum eiturbörunga.

Áhrif á sjávarnytja og sjónræn áhrif. Ísafjarðarbær bendir á að taka þurfi tillit til annarra hagsmuna í firðinum en fiskeldis og m.a. sé æðarvarp á Mýrum og víðar í firðinum. Með umfangsmikilli aukningu fiskeldis sé verið að breyta verulega ásýnd fjarða og flóa og nýtingu þeirra. Óeðlilegt sé að fólk og sveitarstjórnir sem búi næst fiskeldissvæðum, ráði litlu sem engu um þau mál. Skipulagsvald á strandsvæðum, allt út að 1 sjómílu frá grunnlínupunktum, eigi að færa til sveitarfélaga. Þá kemur fram að þar sem löggjafinn geri ekki ráð fyrir að svæðið verði skipulagt ættu allar framkvæmdir innan þess að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Dýrfiskur telur að eldið muni ekki hafa neikvæð áhrif á æðavarp í Dýrafirði, því athafnasvæðið sé lítið og muni ekki hefta viðgöngu æðafugla, né annarra sjófugla. Mögulegt sé að sjókvíaeldið muni auka fæðuframboð fyrir æðarfugl sem geti sótt í skelfisk (aðallega krækling) sem vaxi á tógum og nótum kvíanna. Fyrirhuguð starfsemi í landi verði staðsett þannig að æðavarp truflist ekki. Dýrfiskur bendir á að fyrirhuguð stækkun eldisins verði vel innan marka þess sem burðarþol Dýrafjarðar sé metið. Áætlanir og undirbúningur miði að því að byggja upp stærra sjókvíaeldi og jafnhliða auka umsvif félagsins á svæðinu. Slík starfsemi ætti að hafa jákvæð áhrif á byggðapróun og uppbyggingu í Ísafjarðarbæ. Ef áformað verði að stækka eldið enn frekar geri Dýrfiskur ráð fyrir að óska eftir að sú framléiðsla verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á minjar. Minjastofnun Íslands bendir á að ekki hafi verið kannað hvort fornleifar finnist á hafsbotni þar sem fiskeldið sé fyrirhugað í Dýrafirði en m.a. skipsflök eða hlutar þeirra teljast til fornleifa. Hugsanlegt sé að festingar sjókvía geti raskað botni og gæta verði þess að þær skaði ekki fornleifar. Þá bendir stofnunin á að þegar og ef fóðurstöðvar

verði reistar á landi beri að haga þeim framkvæmdum þannig að þær hafi ekki áhrif á fornleifar.

Í svari Dýrfisks hf. segir að áður en botnfestingar verði settar niður verði dýpi mælt og í einhverjum tilfellum notaðir kafarar við frágang á festingum. Ef mannvirki þurfi að reisa á landi í tengslum við fiskeldið verði það ekki gert fyrr en öll leyfi liggi fyrir og eftir að úttekt á fornleifum hafi verði gerð.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í gögnum málsins kemur fram að Dýrfiskur hf. hafi rekstrarleyfi Fiskistofu til framleiðslu á allt að 2.000 tonnum af regnbogasilungi eða laxi árlega við Haukadalsbót og Gemlufall í Dýrafirði. Hins vegar bendir Skipulagsstofnun á að starfsleyfi Umhverfisstofnunar gildir einungis fyrir svæði í Haukadalsbót.

Dýrfiskur hf. hyggst auka núverandi framleiðslu á regnbogasilungi úr 2.000 tonnum í 4.000 tonn, sem mögulega breytist í laxeldi síðar. Einnig bætist nýtt eldissvæði, utan við Eyrarhlíð, við þau tvö sem núgildandi rekstrarleyfi gerir ráð fyrir.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Áhrif af völdum sjúkdóma og sníkjudýra. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar stækkunar á fiskeldi í Dýrafirði kunní að felast í aukinni hættu á að sjúkdómar og laxalús berist í villta laxfiska frá eldisfiski í sjókvíum eða strokufiskum úr fyrirhuguð eldi, hvort heldur verður um að ræða eldi á regnbogasilungi eða laxi. Ár á Vestfjörðum eru yfirleitt stuttar og með lágt hitastig fram eftir sumri og því er mest um urriða eða bleikju, einkum sjóbleikju, í vestfirskum ám svo sem í Botnsá og Lambadalsá í Dýrafirði². Skipulagsstofnun telur því að sjóbleikju, og hugsanlega sjóbirtingi, geti stafað hættu af sjúkdómum og laxalús frá eldisfiski. Stofnunin bendir á að rannsóknir við Finnmörku í Norður-Noregi, þar sem aðstæður í sjó eru áþekkar því sem er í Dýrafirði, gefa til kynna að sjókvíaeldi auki afföll af sjóbirtingi og sjóbleikju vegna álags af völdum laxalúsar. Samkvæmt mati hafrannsóknastofnunarinnar í Noregi voru áætluð afföll sjóbirtings og sjóbleikju almennt lág við Finnmörku nema þar sem álag af fiskeldi var mest, en þar voru afföllin í meðallagi eða há (18-55%)³. Skipulagsstofnun telur að þó ekki verði fullyrt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á náttúrulega stofna laxfiska í Dýrafirði þá renni niðurstöður áðurnefndra rannsókna stöðum undir það sjónarmið að fiskeldi Dýrfisks auki hættu á laxalússmiti í firðinum, með tilheyrandi hættu á afföllum hjá náttúrulegum laxfiskum sem dvelja nærri eldissvæðum eða eiga þar leið um. Gera má ráð fyrir að stofnar sjóbleikju hegði sér á sambærilegan hátt við stendur Íslands, en á þeim tíma sem bleikja er í sjó, vor fram á haust, heldur hún sig almennt nálægt ströndinni og í námunda við ármynni⁴. Botnsá og Lambadalsá renna til sjávar innan við brúna yfir Dýrafjörð, en núverandi eldissvæði Dýrfisks við Gemlufall er staðsett

² Einar Hannesson 1977. Veiðimál á Vestfjörðum. Veiðimálastofnun. Sérprent úr Frey nr. 6 (http://www.angling.is/Files/Skra_0038084.pdf)

³ Taranger, G.L., Svåsand, T., Kvamme, B.O., Kristiansen, T. og Boxaspen, K.K. (red.) 2014. Risikovurdering – miljøvirkninger av norsk fiskeoppdrett 2014. Fisken og havet, særnummer 2-2014. bls. 27-31.

⁴ Ingi Rúnar Jónsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Örn Pálsson 1996. Rannsóknir á sjóbleikju í Svarfaðardalsá 1992 til 1995. Veiðimálastofnun, VMST-R/96008, 14 bls. (http://www.veidimal.is/files/Skra_0052551.pdf)

um 8 km utar í firðinum frá brúnni og önnur eldissvæði enn fjær. Þó regnbogasilungur, sem sleppur úr eldi, haldi sig almennt nærri eldissvæðum getur hann flakkað viðlíka vegalengdir⁵ og er líklegur til að vera innan um villta laxfiska í Dýrafirði að sumarlagi. Í gögnum málsins kemur fram að á þeim tíma er selta í Dýrafirði lág í efstu 5 til 10 metrum sjávar, þar sem regnbogasilungur og lax er líklegur til að halda sig að sumarlagi fram á haust og við aðstæður sem eru síður hentugar laxalúsinni^{6og7}. Þá liggur fyrir að Matvælastofnun telur að fyrirhugað eldi muni ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang villtra fiskistofna í Dýrafirði og nágrenni hans og Fiskistofa telur að fyrirhuguð stækkun eldisins muni ekki auka til muna hættu á vandamálum vegna sjúkdóma og sníkjudýra. Skipulagsstofnun telur, í ljósi þess sem rakið er hér að framan, að fyrirhugað eldi muni auka hættu á sjúkdómum og laxalús hjá villtum laxfiskastofnum á svæðinu, en að ekki sé líklegt að áhrif þess verði umtalsverð.

Áhrif vegna slyasleppinga. Í greinargerð Dýrfisks kemur fram að félagið áformi að fylgja kröfu staðalsins NS 9415:2009 varðandi gerð eldisbúnaðar, en eftir að staðallinn var innleiddur í Noregi hefur skráðum slyasleppingum fækkað mikið þar í landi. Í öðru fiskeldismáli sem Skipulagsstofnun hefur nýlega fjallað um benti Veiðimálastofnun á að þrátt fyrir það sé stök úr eldi enn mikið vandamál í Noregi og gróflega áætlað sleppi einn eldislax fyrir hvert framleitt tonn og jafnframt bendi rannsóknir norsku hafrannsóknastofnunarinnar til að fjórum til fimm sinnum fleiri laxar strjúki úr eldi en tilkynnt sé. Skipulagsstofnun telur ljóst að þrátt fyrir að bætt verklag og fullkomnari búnaður við sjókvíaeldi geri það að verkum að líklega dragi úr slyasleppingum frá eldiskvíum, verður aldrei hægt að koma fullkomlega í veg fyrir að fiskur sleppi úr kvíum. Skipulagsstofnun bendir í því sambandi á að nýlegt stök laxa úr eldi í Patreksfirði hafi verið umtalsvert, miðað við umfang eldisins, sem sýni að hættan á slyasleppingum er vissulega til staðar. Einnig bendir stofnunin á að fréttir berast nú af því að regnbogasilungur hafi veiðst í ám við Eyjafjörð og í Öxarfirði, en líklegt þykir að hann komi úr eldi þó ekki hafi tekist að rekja uppruna hans. Skipulagsstofnun telur að ef eldisfiskur sleppur í einhverju mæli úr kvíum og ratar upp í ár kann það að hafa neikvæð áhrif á orðspor viðkomandi áa og verðmæti veiðihlunninda, að minnsta kosti tímabundið.

Skipulagsstofnun telur ljóst að regnbogasilungur hefur ekki náð að fjölga sér í ám á Íslandi og fyrir liggur að í eldi Dýrfisks verða eingöngu notaðar hrygnur og því er ekki hættu á því að eldisfiskur geti af sér afkvæmi þó hann gangi upp í á. Stofnunin telur einnig ljóst að frá Dýrafirði er langt í næstu gjöfulu laxveiðiár, í Ísafjarðardjúpi og Breiðafirði, og að það leiði til þess að takmörkuð hættu verði á að stökulax af norskum uppruna nái að synda upp í árnar og hafa möguleika á að blandast þar villtum laxastofnum og valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Fyrir liggur álit Fiskistofu um að stækkun eldisins muni ekki auka til muna hættu á slyasleppingum miðað við núverandi starfsemi. Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðs eldis á erfðablöndun og veiðihlunnindi séu ekki líkleg til að verða

⁵ Skilbrei, O. T. 2012. The importance of escaped farmed rainbow trout (*Oncorhynchus mykiss*) as a vector for the salmon louse (*Lepeophtheirus salmonis*) depends on the hydrological conditions in the fjord. *Hydrobiologia*, 686, 287-297.

⁶ Skilbrei, O. T. 2012. The importance of escaped farmed rainbow trout (*Oncorhynchus mykiss*) as a vector for the salmon louse (*Lepeophtheirus salmonis*) depends on the hydrological conditions in the fjord. *Hydrobiologia*, 686, 287-297.

⁷ Skilbrei, O. T., Holst, J. C., Asplin, L., and Holm, M. 2009. Vertical movements of "escaped" farmed Atlantic salmon (*Salmo salar* L.)—a simulation study in a western Norwegian fjord. — *ICES Journal of Marine Science*, 66: 278–288.

umtalsverð. Byggist sú niðurstaða stofnunarinnar á því að áform Dýrfisks gangi eftir um að fylgja ströngum kröfum ofangreinds staðals um eldisbúnað og verklag og framfylgja viðbragðsáætlun ef fiskur sleppur úr eldi.

Áhrif á botndýralíf. Skipulagsstofnun telur að undir öllum kringumstæðum sé mjög mikilvægt að fylgt sé áætlun um að hvíla árgangasvæði og þar með sjávarbotn undir sjókvíum. Stofnunin telur að áhrif á botndýralíf undir eldiskvíum og næsta nágrenni þeirra verði nokkuð neikvæð en taki ekki til umfangsmikils svæðis. Áhrifin verða þannig staðbundin og ráðast af umhverfisaðstæðum á hverjum stað, en eru afturkræf að hluta (hvíld eldissvæða) eða alveg verði eldinu hætt. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Hafrannsóknastofnunar um að brýnt sé að samfara eldinu verði umhverfisþættir við eldið vaktaðir og áhrif þess á botn og botndýralíf metin og æskilegt sé að þau gögn verði gerð aðgengileg stofnuninni svo nýta megi þau við endurmat á burðarþoli Dýrafjarðar eftir því sem eldinu vaxi ásmegin.

Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Minjastofnunar Íslands um að sérstök gát verði viðhöfð þegar sjókvíar verða festar við botn þannig að fornleifar, sem þar kunni að vera, skaðist ekki.

Skipulagsstofnun er kunnugt að Íslenska kalkþörungafélagið ehf. hefur leyfi Orkustofnunar til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti í Dýrafirði. Því telur stofnunin að hafa þurfi samráð við Orkustofnun um niðurstöður rannsókna með hliðsjón af staðsetningu sjókvía áður en leyfi verður veitt fyrir frekara eldi Dýrfisks.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Dýrfisks við tilkynningu auk umsagna. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin framleiðsla á regnbogasilungi eða laxi, um 2.000 tonn í Dýrafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 401/2012 um fiskeldi. Einnig eru þær háðar starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Fyrirhuguð eldissvæði verða utan netlaga og falla því ekki undir skipulagslög nr. 123/2010. Skipulagsstofnun bendir á að sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi innan netlaga, þ.e. allt að 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru og mannvirki sem hugsanlega verða reist síðar innan þeirra, í tengslum við starfsemina, eru bundin ákvæðum skipulagslaga.

Skipulagsstofnun vekur einnig athygli á því að komi til breytinga á þeirri starfsemi sem kynnt hefur verið í gögnum Dýrfisks hf., til dæmis staðsetningu eldissvæðis, þarf að tilkynna þær breytingar til Skipulagsstofnunar á grundvelli töluliðar 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og hljóta þær málsmeðferð skv. 6. gr. laganna.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Dýrfiskur hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð

málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. ágúst 2015.

Jakob Gunnarsson

Sigmar Arnar Steingrímsson



Skipulagsstofnun